



Reglur um tvöfaldaskólavist Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær leggur áherslu á að eftirfarandi leiðbeinandi reglum sé fylgt er varða tvöfalda skólavist.

Barn á grunnskólaaldri með lögheimili í Ísafjaðarbæ getur aðeins verið skráð í einn grunnskóla á hverjum tíma óháð því hvort barn hafi búsetu á tveimur heimilum eða jöfn forsjá er hjá foreldrum.

Barn á grunnskólaaldri sem hefur búsetu í Ísafjarðarbæ án þess að hafa lögheimili á Íslandi skal með öllu jöfnu sækja skóla og fá þjónustu út frá búsetu sinni.

Barn á grunnskólaaldri sem á lögheimili í Ísafjarðarbæ en dvelur erlendis yfir lengri tíma skal að öllu jöfnu sækja grunnskóla í viðkomandi landi. Í sumum tilvikum er mögulegt að veita undanþágu á skólasókn frá grunnskólum Ísafjarðarbæjar þótt dvalið sé í útlöndum vegna sérstakara aðstæðna eins og tímabundin dvöl, ekki er um fasta búsetu að ræða og mögulega fleiri atriði. Um slíkt skal sótt til skólustjóra þess grunnskóla sem nemandi var í áður en hann flutti til útlanda.

Málefnum barns á grunnskólaaldri með lögheimili í Ísafjarðarbæjar skal vísað til barnaverndarnefndar Ísafjarðarbæjar ef það sækir ekki grunnskóla (er jafnvel erlendis) og það er ekki sérstaka undanþágu frá skólasókn – í samræmi við ástundarreglur fyrir grunnskóla Ísafjaðarbæjar.

Skrifstofa skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar sé með vöktun á lögheimilisskráningu barna í leik- og grunnskólum í upphafi hvers skólaárs til að tryggja að öll börn á leik- og grunnskólaaldri með lögheimili í sveitarfélaginu séu með skólavist á vegum bæjarins eða í öðrum skólum með sérstöku samþykki skóla- og tómstundasviðs.

Samþykkt í fræðslunefnd 2020.